

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 7.06. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:26

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH) Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Sjómannadagurinn

Opið hús hefur verið auglýst hjá Þyt, sigla á frá flotbryggjunni. EK hefur lofað aðstoð frá gúmmíbátnum ef á þarf að halda. Þyrlan kemur, en ekki til að bjarga úr skútu er of dýrt og þyrfti að æfa áður. Gæslan vill gera það þegar minni þyrlan er komin í lag. Rætt hvað þurfi að gera fyrir sjómannadaginn. Þarf að klára bát og gerefti. Í bát þarf að klára tréverk, fínþússa og sprauta. TÆ segir að það vanti ljós. BS segir þurfa fólk í vinnu þennan dag. BS spyr hvort það eigi að bjóða upp á Secret siglingar eða rukka. EK segir að hafi síðast verið 200 á mann. FH man ekki eftir því. BS og FH ákveða það.

2 Fjaran

EK er búinn að tala við Eirík Orm Víglundsson, ætlar að vera harður á því að enginn fari um fjöruna, en sagðist vera velviljaður Þyt, en segist hafa þessa afstöðu þar til höfnin talar við hann og semur, við notuð sem það í stríði þeirra við höfnin. Þeir segja að höfnin hafi ekki staðið við allt sem þeim hefur verið lofað. EK vill að við fórum af stað lögregla komi, við fengjum kærú og svo afgreitt með dómsmáli, EK segist ekki hafa viljað rífast við hann segir það vera hagsmuni allra að þetta fari þeir eru að nota okkur sem pressu við yfirvöld hér. FH segir þá velja sér rök milli ára, í hitti fyrra sögðu þeir annað. EK leggur til að við byrjum á mánudag, ætlar að tala við Valgerði. GGH og FH vilja að talað verði við Magnús Gunnarsson. FH finnst lélegt að láta þetta bitna á 10 ára börnum. HÁ vill setja sprengju af stað á mánudag, senda státa á sjó. EK spyr hvort við höfum eitthvað á hann. BS segir heilbrigðisfulltrúann hafa sagt að svona slippir væru úrelltir vegna umhverfismála. ÁBF spyr hvað við eigum að gera, erum e.t.v. að skjóta okkur í lappirnar, vill ekki fara lengra nema tala við Valgerði og Magnús ef það gangi ekki þá gera að blaðamáli, vill að Gissur verði látinn vita. GGH skilur þetta ekki því bærinn á að leysa málin gagnvart okkur.

3. Mengun

BS talaði við Pál heilbrigðisfulltrúa sem segir þá mengun sem var rædd á síðasta fundi vera skaðlausa fyrir fólk, en hann talaði um að það væri mikil gerlamengun í höfninni. BS tók á móti heilbrigðisfulltrúa sem kom,

hún talaði ekkert um gerla og bakteríur, sagði okkur fá starfsleyfi en setur þau skilyrði að í stað handklæða komi einnota þurkur, sápa verði á brúsum og skipt oft um borðtuskur og viskastykki. EK talaði við Kristján sem samdi skýrsluna um Arnarnesvoginn, alvarlegast var tinoxið mengun, Hann hefur líka gert rannsókn á ytri höfninni, það kostar tugi þúsunda að taka svona sýni. EK ætlar að tala við Jörund. BS segir þetta hugsanlega pressu á að granninn fari. EK segir lausnina alltaf vera að þeir semji segir okkur líka þurfa að pressa. FH segir þá mega vera eins lengi og þeir vilja. FH segir okkur ekki þurfa að vinna fyrir þá, við verðum að fá lausn fyrir okkur e.t.v. nýtt hlið, hann vill ekki hjálpa slippnum við að semja. EK spyr hvort við getum leyst þetta með ramp. FH segir að það verði að leysa málið fyrir okkur, vill kvarta þegar kvíin fer upp og niður og rusl flýtur um höfnina.

4. Innkaupalisti

GGH hefur lagt til að keyptur verði nýr Laser á 200.000 með öllu, því var frestað, radial segl og fótur kostar 80.000. BS segir að í dag hafi verið rifist um bátana. EK segir að það þurfi samt að kaupa radíalsegl. GGH segir okkur borga svo lítið fyrir skrokk og stórsegl. EK segir að sé ekki spurning um sparnað, þurfum samt 3 radíal-segl. BS spyr hvort er búið að athuga með rekstrarstyrkinn svo er ekki. EK segir bátinn ekki dýran. GGH segir okkur geta lagt bátnum en átt varahluti sem átti að kaupa. BS les upp úr síðustu fundargerð um verð á þeim. FH segir okkur fá skrokk á 30.000 út úr þessu, leggur til að verði keyptur bátur á 200.000 keypt 2 radíalsegl sjá til með það þriðja, við ætluðum að kaupa 3 segl, kjöl, framlenginu og stýri. GGH leggur til að það verði keyptur Laser á 200.000 og 2 radíalsegl frá Danmörku sem kosti ca. 80.000 Greidd atkvæði um tillögu GGH 6 með 1 á móti. GGH með vörulista með flöggum sem eru 60x50 kostar 28.500 samþykkt að kaupa þau

5. Önnur mál

Höfnin er að úthluta okkur endanum 12-15 metrum,

BS segir að Kristín Pálsdóttir hjá SÍL hafi hringt, er að leyta að fólk 16-25 ára til að fara til Frakklands, lítur út fyrir að verkefnið sé að detta út.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:24

Birna Sigþórsdóttir sign

